

Aðalfundur FFR

Starfskjaranefnd

Tryggvi Axelsson, formaður

Ársæll Guðmundsson

Sveinn Runólfsson

Tryggvi Axelsson, Forstjóri Neytendastofu

31. maí 2017

Tvö helstu verkefni á starfsárinu

- **Bréf til kjararáðs: starfskjaranefnd og stjórn FFR**
- **Málssókn fyrir Hæstarétti um að fella beri vissa úrskurði Kjararáðs úr gildi**
 - **Niðurstaða Hæstaréttar í nóvember 2016: Kröfu FFR var vísað frá, en dæmdi að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti félli niður**


Skyldur kjararáðs skv. lögum

Lög um kjararáð 2006 nr. 47 14. júní

6. gr. Kjararáð aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga ...

8. gr. Við úrlausn mála skal kjararáð gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður **og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu** hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. [Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærrí en föst laun forsætisráðherra skv. 3. gr.]¹⁾ Við ákvörðun launakjara skv. 4. gr. skal kjararáð sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs skv. 3. gr. hins vegar.

- **Kjararáð skal ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.**



Gögn frá fjármálaráðuneytinu desember 2016

Úr bréfi FFR til kjararáðs dags 14. des 2016:

Ásamt forstöðumönnum ríkisstofnana falla undir línuna „Kjararáð ýmsir“ m.a. ráðuneytisstjórar og skrifstofustjórar sem fengu hækkun frá 1. júlí s.l. skv. úrskurðum ráðsins. Þá var m.a. ákvörðuð almenn hækkun grunnröðunar skrifstofustjóra án mannaforráða þannig að grunnröðun milli hópa innan kjararáðs er ekki í samræmi við þá ábyrgð sem aðilar bera. Jafnframt þarf að endurskoða launatöflur miðað við þær breytingar sem hafa orðið í þjóðfélaginu og sem kjararáði ber skylda til að hafa til viðmiðunar samkvæmt lögum nr. 47/2006.

Stjórn FFR óskar því eftir **að kjararáð endurskoði ákvörðun sína um almenna grunnröðun forstöðumanna** þannig að gætt sé að öllu leyti að skyldu ráðsins til að gæta samræmis í röðun þeirra sem undir ráðið heyrja, höfð sé hliðsjón af aukinni ábyrgð forstöðumanna og þeim breytingum sem hafa orðið á launapróun í þjóðfélaginu.

Viðbrögð Kjararáðs:

- Engin skrifleg viðbrögð hafa borist, þó gengið hafi verið eftir því
- Formaður FFR gekk á fund kjararáðs 30. maí s.l. og bað um viðbrögð
- Formaður Kjararáðs segir að ekki verði úrskurðað um almenna launahækkun til forstöðumanna (þó fræðilegur möguleiki sé á úrskurði um almenna hækkun til allra skjólstæðinga kjararáðs)
- Forstöðumenn sem óska eftir launahækkun verið að sækja um slíkt til Kjararáðs sem einstaklingar
- Seinkun á gildistöku laga um Kjararáð þýðir að forstöðumenn geti sent slíka ósk til Kjararáðs fram til ársloka 2017

Næstu skref?

- Vinna vegna breytinga á lögum um Kjararáð er loks komin á það stig að fyrstu drög að launatöflu hefur verið tekin fram
- Starfskjaranefnd mun hafa mikilvægt hlutverk í því að rýna vörpun yfir í nýja launatöflu, og mun starfa náið með stjórn FFR
- Forstöðumenn sem vilja launahækkun eru hvattir til að senda erindi þess efnis til Kjararáðs sem einstaklingar
- Ekki er hægt að búast við að Kjararáð úrskurði um almenna launahækkun fyrir hópinn „forstöðumenn“